

# **Leiðbeiningar um notkun ICD-10**

**Teknar saman af Hans Jakobi Beck og Matthíasi Halldórssyni**

**Landlæknisembættið, janúar 1997**

## Inngangur

Öllum læknum er innrætt að vanda til sjúkdómsgreininga, enda rétt sjúkdómsgreining forsenda réttar meðferðar sjúklings. Það er ekki síður skylda læknisins að vanda til vinnubragða þegar sjúkdómsgreiningarnar eru skráðar. Mikilvægi þessa hefur verið ljóst frá árdögum nútíma læknisfræði og eiga skráningarkerfi fyrir sjúkdóma og dánarmein sér langa sögu. Frá því að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, tók til starfa hefur það verið í verkahring hennar að halda við alþjóðlegri sjúkdómaflokkun, ICD. Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa nú, í samráði við samstarfsmiðstöð um flokkun sjúkdóma á Norðurlöndum, ákveðið að taka 10. útgáfu Alþjóðlegrar tölfræðiflokkunar sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála í notkun frá 1. janúar 1997.

Alþjóðlega sjúkdómaflokkunin er á ýmsan hátt nytsamleg; hún liggur til grundvallar tölfræðilegum upplýsingum um heilsu landsmanna og starfsemi heilbrigðisþjónustunnar, er lykill að sjúkraskrá og forsenda hvers konar samburðar og samskipta um heilbrigðismál. Nauðsynlegt er hins vegar að endurnýja flokkunina reglulega, því þekking læknisfræðinnar á orsökum og meingerð sjúkdóma eykst og nýir sjúkdómar koma fram. Örar breytingar verða einnig á stjórnunaraðferðum í heilbrigðismálum og víða um lönd er farið að nota sjúkdómsgreiningar sem mælitæki fyrir starfsemi heilbrigðisstofnana við fjárveitingar og gæðaeftirlit.

Mikilvægt er að læknar geri sér grein fyrir því að skráning heilsutengdra vandamála er ekki skrifinnskan ein, heldur undirstaða rannsókna og skipulagningar. Hún þarf því að vera áreiðanleg.

## Íslensk útgáfa og dreifing ICD-10

Tíunda útgáfa ICD er nokkuð frábrugðin 9. útgáfunni að gerð, auk þess að vera ítarlegri. Skráin er nú í fyrsta sinn þýdd í heild á íslenska tungu. Er það að frumkvæði Landlæknisembættisins, í samráði við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og var Orðanefnd læknafélaganna fengin til þess verks.

Enska útgáfan er í þremur bindum. Fyrsta bindið er hin eiginlega flokkunarskrá, annað bindi hefur að geyma ítarlegar notkunarleiðbeiningar, ekki síst við ritun dánarvottorða, en hið síðasta er stafrófsröðuð atriðaorðaskrá. Íslenska útgáfan er þýðing 1. bindis, en þar eru bæði birt ensku og íslensku heitin. Ákveðið hefur verið að gefa ekki út íslenska atriðaorðaskrá að þessu sinni. Kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er þörfin fyrir slíka skrá óveruleg á meðan íslensk orð hafa ekki fest sig í sessi og ensk atriðaorðaskrá er fánleg. Í öðru lagi minnkar þörfin fyrir atriðaorðaskrá við aukna tölvuvæðingu, þar sem notuð eru leitartæki (browser, rápari). Í þriðja lagi er svo tímaskorti um að kenna. Einnig þótti óþarfi að þýða annað bindi ensku útgáfunnar, sem eru notkunarleiðbeiningar, þar sem þær eru óþarflega ítarlegar og fremur miðaðar við ritun dánarvottorða. Má líta svo á að þessi samantekt komi í staðinn, en hún styðst bæði við annað hefti ensku útgáfunnar og leiðbeiningar eftir Lars Aage Johanson, sem starfar við norrænu miðstöðina fyrir sjúkdómaflokkun í Uppsölum. Landlæknisembættið mun gefa út leiðbeiningar um ritun dánarvottorða, þegar nefnd sem vinnur að endurskoðun þeirra mála hefur lokið störfum. Þeir sem vilja lesa nákvæmari leiðbeiningar er bent á leiðbeiningahefti ensku útgáfunnar, þó kannski fáum svelli svo móður í skrásetningarmálum að þeir lesi það frá upphafi til enda. Einnig má benda á grein eftir Matthías Halldórsson og Örn Bjarnason í Læknablaðinu, 4. tbl., apríl 1995, þar sem fjallað er almennt um flokkun sjúkdóma og ICD-10.

Bæði enska og íslenska útgáfa ICD-10 er til sölu hjá Bóksölu stúdenta og kostar íslenska bókin kr. 7125.00 (desember 1996). Íslenska útgáfan af ICD-10, sem bæði hefur að geyma íslensku og ensku sjúkdómaheitin, er til hjá Landlæknisembættinu á gagnagrunnsformi. Einnig er hægt að panta ensku útgáfuna, á bók eða disklingi (á ritvinnsluformi) á netslóðinni <http://www.who.org/whosis/icd10/icd10.htm>.

## Athugasemdir og leiðréttingar við ICD-10

ICD er tæki til tölfræðilegrar úrvinnslu, flokkun sem samið er um að nota um allan heim í þeim tilgangi að hægt sé að bera saman starfsemi, sem að mörgu leyti er ólík. Útilokað er að flokkunin fylgi að fullu eftir hröðum breytingum í læknisfræði eða taki tillit til sérkenna ólíkra skóla í fræðunum. Með öðrum orðum er ICD ekki kennslubók í læknisfræði. Sumir kunna því að finna staði í flokkuninni, sem þeim þykja úreltir eða eru ósammála af öðrum ástæðum. Muna þarf að hér er um alþjóðlega tölfræðiflokkun að ræða, sem Íslendingar hafa samið um að nota og þarf leyfi Alþjóða Heilbrigðisstofnunarinnar til að víkja frá við skráningu. Hafi íslenskir læknar ákveðnar, rökstuddar breytingatillögur fram að færa er rétta leiðin sú, að koma þeim á framfæri við fulltrúa Íslands í norrænu skráningarmiðstöðinni (aðstoðarlandlæknir). Lítist öðrum fulltrúum Norðurlanda þannig á, að tillagan sé til bóta, er hún borin upp á fundi yfirmanna skráningarmiðstöðvanna, en þær eru um tíu talsins um heim allan. Einnig er mælst til þess að læknar geri Landlæknisembættinu viðvart um villur sem koma í ljós í sjúkdómaflokkuninni, svo gera megi bragarbót við síðari útgáfur.

## Uppbygging ICD-10

Fullu nafni heitir tíunda útgáfa ICD: *Alþjóðleg tölfræðiflokkun sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála*. Titillinn endurspeglar, að flokkunin er ekki eingöngu bundin við skráningu sjúkdóma, slysa og dánarorsaka, eins og titill níundu útgáfunnar gaf til kynna. Tíunda útgáfa ICD er í grundvallaratriðum eins og ICD-9, en hefur verið stækkuð og augin. Fleiri kaflar eru í ICD-10, fleiri kóðar og ítarlegri skráning er auðveldari. Möguleikar á tvöfaldri skráningu eru meiri, þ.e. að flokka sjúkdóma bæði eftir orsök og birtingarformi. Kóðarnir sjálfir munu koma nýstárlega fyrir sjónir. Fremstur stendur bókstafur sem fylgt er af tveggja stafa tölu, þá kemur punktur og eftir honum fjórði stafurinn, sem er tölustafur. Flestir kaflar eru sér um einhvern einn upphafsstaf, en undantekningar eru þó á þessu. Kafli I um smit- og snýklasjúkdóma hefur kóðana A00-B99, kafli II um æxli, kóðana C00-D48, og halda kóðar með upphafsstafinn D áfram í þriðja kafla, sem er um sjúkdóma í blóðvef og ónæmiskerfi. Kaflar VII og VIII um sjúkdóma augna og eyrna eru saman um stafinn H og í kafla XIX um áverka og eitranir eru kóðarnir S00-T95. Kafli XX hefur kóðana V01-Y98, en sá kafli var felldur út úr íslensku útgáfunni, eins og fjallað er um hér á eftir. Bókstafurinn U er ekki notaður, en hann var undanskilinn til hugsanlegra síðari endurbóta á skránni.

Ekki verða allir sjúkdómar flokkaðir á sama grundvelli, oft er flokkunin byggð á orsökum sjúkdóms, t.d. við sýkingar eða æxlisvöxt, en í öðrum tilfellum er miðað við líffæri, s.s. sjúkdómar augans eða hjartans. Aðrir kaflar taka mið af ákveðnum æviskeiðum, svo sem meðgöngu eða fæðingu og enn eru sjúkdómar, t.d. geðsjúkdómar, sem ekki verða flokkaðir á ofangreindan hátt.

## Forgangsröðun kafla

Eins og var um 9. útgáfu kann ýmsum að þykja kaflaskipting 10. útgáfunnar sums staðar órökrétt og sami sjúkdómur getur átt heima í fleiri en einum kafla. Í þeim tilvikum þar sem vafi leikur á flokkun gildir sú regla að kaflar sem taka til ákveðinna líffæra eru víkjandi fyrir öðrum. Þar að auki gildir eftirtalin forgangsröðun:

1. XIX. kafli: Slys.
2. IV. kafli: Innkirtlar, næringar- og efnaskiptasjúkdómar (nema O00-O99, þungun, barnsburður og sængurlega og P70-P74, skammvinnar innkirtla- og efnaskiptaraskanir, sértækar fyrir fóstur og nýbura).
3. XVII. kafli: Meðfæddar vanskapanir, aflaganir og litningafrávik.
4. II. kafli: Æxli.
5. XVI. kafli: Tilteknir kvillar með upptök á burðarmálsskeiði.
6. Aðrir kaflar, ekki um einstök líffærakerfi.

Vert er að leggja áherslu á að regla þessi gildir ekki í þeim tilvikum þegar sérstakur kóði er til fyrir ákveðið ástand. Þannig er t.d. um sykursýki í þungun, að sérstakan kóða er að finna í kaflanum sem fjallar um þungun, barnsburð og sængurlegu, “O24 Sykursýki í þungun” og gildir reglan þá ekki. Sé hins vegar um að ræða efnaskiptasjúkdóm í þungun, sem ekki hefur sérstakt númer í þungunarkaflanum gildir reglan um forgang efnaskiptasjúkdóma.

## Flokkunarþrep í ICD-10

ICD-10 er byggt upp eins og tré, sem kvíslast og greinist. Flokkunin skiptist í 21. kafla, sem táknaðir eru rómverskum tölum. Hver kafli afmarkar ákveðinn hóp af þriggja stafa greiningum og hver þriggja stafa sjúkdómsgreining brotnar niður í fjögurra stafa undirgreiningar. Að auki eru hópar þriggja stafa greininga teknir saman í flokka og flokkarnir geta nokkrir saman myndað undirkafla. Þetta verður best skýrt með dæmi.

### Dæmi:

XIII. kafli ber heitið Sjúkdómar í vöðva- og beinakerfi og í bandvef (Diseases of the musculoskeletal system and connective tissue). Kaflinn hefur að geyma eftirtalda undirkafla:

- M00-M25 Liðkvillar (arthropathies)
- M30-M36 Útbreiddar bandvefsraskanir (systemic connective tissue disorders)
- M40-M54 Bakkvillar (dorsopathies)
- M60-M79 Mjúkvefsraskanir (soft tissue disorders)
- M80-M94 Beinkvillar og brjóskkvillar (osteopathies and chondropathies)
- M95-M99 Aðrar raskanir í beinakerfi og bandvef (other disorders of the musculoskeletal system and connective tissue)

Undirkaflinn liðkvillar (M00-M25) greinist í eftirfarandi 4 flokka:

- M00-M03 Smitliðkvillar (infectious arthropathies)
- M05-M14 Bólgufjölliðakvillar (inflammatory polyarthropathies)
- M15-M19 Slitgigt (arthrosis)
- M20-M25 Aðrar liðraskanir (other joint disorders)

Hinn fyrsti ofangreindra flokka, smitliðkvillar, er myndaður af eftirtöldum þriggjustafagreiningum:

- M00 Graftrarliðbólga (pyogen arthritis)
- M01 Beinsýkingar í lið í smit- og sníklasjúkdómum flokkuðum annars staðar (direct infections of joint in infections and parasitic diseases classified elsewhere)
- M02 Svörunarliðkvillar (reactive arthropathies)
- M03 Eftirsýkingar og svörunarliðkvillar í sjúkdómum flokkuðum annars staðar (postinfective and reactive arthropathies in diseases classified elsewhere)

Sjúkdómsgreiningin M00 Graftrarliðbólga hefur svo eftirtaldar undirgreiningar:

- M00.0 Klasakokkaliðbólga og -fjölliðabólga (staphylococcal arthritis and polyarthritis)
- M00.1 Lungnakokkaliðbólga og -fjölliðabólga (pneumococcal arthritis and polyarthritis)
- M00.2 Önnur keðjukokkaliðbólga og -fjölliðabólga (other streptococcal arthritis and polyarthritis)
- M00.8 Liðbólga og fjölliðabólga af völdum annarra tilgreindra baktería (arthritis and polyarthritis due to other specified bacterial agent)
- M00.9 Graftrarliðbólga, ótilgreind (pyogenic arthritis, unspecified)  
Smitandi liðbólga e.n.t. (ekki nánar tilgreint) (infective arthritis NOS)

Að lokum er sums staðar mögulegt að nota fimmta stafinn, kjósi menn svo, til að tilgreina staðsetningu kvilla eða greina á milli opinna og lokaðra beinbrota. Þannig gildir t.d. um staðsetningu í vöðva og beinakerfi:

0 = margir staðir

1 = axlarsvæði

2 = upparmur o.s.frv.

Klasakokkaliðbólga í olnboga hefur því kóðann M00.02 og er þá komið á leiðarenda.

Fullkominn greiningarkóði er fjórir stafir og er ætlast til að notaðir séu fjögurra stafa kóðar þó skráning með þremur stöfum sé leyfileg. Undir hverri þriggja stafa greiningu eru átta mögulegar undirgreiningar með tölustöfum frá 0 til 7 í fjórða sæti. Stafurinn 8 merkir alltaf annað, þ.e. að sjúkdómurinn fellur ekki undir neina af gefnum skilgreiningum. Sé ekki um nánari skilgreiningu að ræða, þ.e. óskilgreint, er talan 9 sett í aftasta sætið. Dæmi um þetta eru kóðarnir M00.8 og M00.9 hér að ofan. Ef aðeins er skráður þriggja stafa kóði, er talan 9 sjálfkrafa sett í fjórða sætið.

## Leiðbeiningar og tákn

Víða í ICD-10 er að finna leiðbeiningar við ákvörðun sjúkdómsgreininga. Þessar leiðbeiningar koma fyrir á misháum þrepum í flokkuninni og eiga þær við öll atriði neðar í flokkunarstiganum. Staðlaðar leiðbeiningar eru þessar: Tekur til: Leiðbeiningar um hvað eigi heima á þessum stað í flokkuninni. Fer oft á undan upptalningu atriða sem eiga heima á þessum stað í flokkuninni, þó annað gæti komið til greina. Útilokar: Merkir að nefnd atriði hafa annan kóða, þó þau gætu virst eiga heima á þessum stað. Tilvísun í rétt kóðanúmer fylgir þá á eftir innan sviga. Ath.: Athugasemdir og aðrar leiðbeiningar.

### Dæmi:

Blóðþurrðarhjartasjúkómar (I20-I25)

**Ath.:** Fyrir sjúkdómskóðun gilda mörkin sem gefin eru í I21-I25 um tímamann sem líður frá því að blóðþurrð hefst þar til viðkomandi fær umönnun. Fyrir dánarmeinakóðun vísa þau á tímabilið frá byrjun til dauða.

### I21 Brátt hjartavöðvafleygdrep [hjartadrep]

**Tekur til:** hjartavöðvafleygdreps sem tilgreint er brátt eða sagt vara í 4 vikur (28 daga) eða skemur frá því það hefst

**Útilokar:** tiltekna yfirstandandi fylgikvilla í kjölfar bráðs hjartavöðvafleygdreps (I23.-)

hjartavöðvafleygdrep:

- (gamalt (I25.2))
- (tilgreint langvinnt eða sagt vara lengur en 4 vikur frá því það hefst (I25.8))
- (síðara (I22.-))

Dresslersheilkenni (I24.1)

Feitur punktur (•) á undan orði merkir að um er að ræða seinni lið heitis, en fyrri liðnum fylgir tvípunktur sem gefur til kynna að frekari skilgreiningar séu nefndar.

### Dæmi:

I20.0 Hjartaöng:

- stigversnandi
- ný áreynslu-
- versnandi áreynslu-

Hvikul hjartaöng

Útskrifað að fullu lítur þetta þannig út:

Stigversnandi hjartaöng

Ný áreynsluhjartaöng

Versnandi áreynsluhjartaöng

Hvikul hjartaöng

Stöku sinnum vantar tvípunktinn, en eftir sem áður ber að tengja heiti á eftir feittum punkti við það heiti sem efst er óinndregið.

**Dæmi:**

- O08.4 Nýrnabilun í kjölfar fósturláts, utanlegs eða blöðruþykktar
- Þvagþurrð
- Nýrna -
- bilun (bráð)
- lokun
- pípludrep
- Þvageitrun

Hér ber að tengja heitin bilun, lokun og pípludrep við fyrri hlutann (nýrna- ) og lesist þá sem nýrnabilun, nýrnalokun og nýrnápípludrep.

Á sama hátt og tvípunktur og feitur punktur tengja tvö heiti í eitt þýðir lykka, ( ) að tengja skuli heitin sitt hvoru megin við táknið í eitt heiti.

**Dæmi:**

- Nýrna -
- bilun (bráð) }  
    • lokun }      Í kjölfar kvilla sem flokkanlegir eru í O00-O07
- pípludrep }  
                  }

Þannig verður síðasta heitið nýrnápípludrep í kjölfar kvilla sem flokkanlegir eru í O00-O07.

Kóðum fylgja oft dæmi um það sem fellur undir viðkomandi greiningu eða undirgreiningu. Oft eru þetta samheiti en ekki tæmandi upptalning þess sem fellur undir kóðann.

**Dæmi:**

- J31.0 Langvinn nefbólga
- Nefremma
- Nefbólga (langvinn):
- e.n.t. (ekki nánar tilgreint)
- visnunar-
- bólguhnúða-
- ofstækkunar- .....o.s.frv.

## Tvöföld skáning

Flestar greiningar hafa aðeins einn kóða, en þó eru undantekningar á þeirri meginreglu. Annars vegar eru sjúkdómsgreiningar, sem merktar eru með dálki, (†) og stjörnu (\*), hins vegar nánari skráning á orsök eða meingerð sjúkdóms, sem nota má ef ástæða þykir til.

## 1. Sjúkdómsgreiningar með † og \*

Sumir sjúkdómar hafa mismunandi birtingarform og felast í þeim tilvikum mikilvægar upplýsingar í því að skrá hvorutvegja orsakirnar og birtingarformin. Berklar geta t.d. komið fram í ýmsum líffærum og skiptir staðsetning sýkingarinnar þá miklu, bæði fyrir sjúklinginn og heilbrigðiskerfið. Í ICD-10 eru þessar sjúkdómsgreiningar sérstaklega merktar með táknum † og \*, sem á ensku heita dagger og asterix. Greiningin sem vísar til orsakar sjúkdóms, t.d. berklar, er merkt með dálki og verður ætíð að skrá. Greiningin, sem vísar til birtingarforms sjúkdómsins, t.d. berklar í nýra, er merkt með stjörnu. Sé rými takmarkað (t.d. í tölvuskráningu) er heimilt að skrá † merkta sjúkdómsgreiningu eina, en aldrei má láta \* merkta sjúkdómsgreiningu standa eina. Við tvískráningu af þessu tagi telst sjúkdómsgreiningin aðeins ein, þó kóðarnir séu tveir. Ekki eru allir hugsanlegir orsakakóðar merktir með dálki.

Til þess að skráningarkerfið geti gert greinarmun á tvöfaldri skráningu og tveimur aðskildum sjúkdómsgreiningum verður að skrá stjörnumerktu sjúkdómsgreininguna á undan orsakagreiningunni, en sé stjörnumerkt sjúkdómsgreining skráð telst næsti kóði á eftir sjálfkrafa vera orsakagreiningin.

Merkingar með dálki og stjörnu eru gerðar á þrennan mismunandi hátt:

1. Ef bæði táknið koma fyrir í fyrirsögn eru öll heiti undir þeirri fyrirsögn gjaldgeng við tvískráningu og hafa sömu kóða.

### Dæmi:

A17.0† Mengisberklar (G01\*)  
Berklar í mengjum (heila-)(mænu-)  
Berkla-reifa- og skúmsbólga (tuberculous leptomeningitis)

Aðalskráning fyrir mengisberkla er þá A17.0, en allt það sem skráð er þar fyrir neðan ber að auki kóðann G01.

2. Ef táknið † kemur fyrir í fyrirsögn, en án \* taka öll heitin undir fyrirsögninni með sér einhvern stjörnumerktan kóða, en hann er ekki sameiginlegur.

### Dæmi:

A18.1† Berklar í þvag- og kynfærum  
Berklar í:  
• þvagblöðru (N33.0\*)  
• leghálsi (N74.0\*)  
• nýra (N29.1\*).... o.s.frv.

3. Ef táknið † kemur ekki fram í fyrirsögn geta eftir sem áður einstaka liðir af því sem á eftir fer verið ætlaðir til tvískráningar, þó það gildi ekki um allan kaflann undir fyrirsögninni.

### Dæmi:

A54.8 Aðrar lekandasykingar  
Lekanda-  
• heilakýli† (G07\*)  
• hjartabolsbólga† (I39.8\*)  
• meningsbólga† (G01\*).... o.s.frv.



- .....
- sýklablæði
- húðmeinsendir

Hér eru tvö síðasttöldu skráningarorðin án stjörnumerkingar (einungis skráð A54.8), en öll hin tvískráð, t.d lekandahjartapelsbólga: I39.8, A54.8.

## 2. Valfrjáls aukakóðun

ICD-10 gefur færi á tvíkóðun í vissum tilvikum, öðrum en ofanefndum. Hér er yfirleitt um að ræða tilvísun í sérstakar kóðatöflur í því skyni að skrá nákvæmar einhverja þætti sem þykja skipta máli varðandi sjúkdóm eða slys, en ekki er gerð almenn krafa um að skráðir séu. Eftirtaldir tvískráningar eru mögulegar:

Við staðbundnar sýkingar, sem flokkast undir sjúkdóma í tilteknu líffærakerfi er hægt að tiltaka sýkingarvaldinn aukalega með kóða á bilinu B95-B97.

Æxlum, sem hafa innkirtlavirkni getur fylgt aukakóði úr kafla IV, sem tiltekur hvaða innkirtlastarfsemi æxlis um er að ræða.

Æxlum getur fylgt kóði úr sérstakri kóðatöflu um meingerð æxla. Þessir kóðar hafa aðra gerð en hinir eiginlegu ICD-10 kóðar og eru samhljóða SNOMED kóðunum. Kóðatafla um meingerð æxla er aftast í íslensku útgáfu ICD-10.

Við aukaverkanir lyfja má ákveða nákvæmari skráningu með ATC-lyfjakóða.

Vefrænum geðröskunum, F00-F09 getur fylgt aukakóði úr einhverjum öðrum kafla, sem tiltekur hvaða sjúkdómur eða áverki liggur að baki skaðanum.

Við slys, áverka og eitranir býður kafla XX upp á aukakóða um ytri orsakir, en á Íslandi á þó að nota norræna slysaskráningarkerfið í þessum tilgangi.

## Norræna slysaskráningarkerfið

Íslensk heilbrigðisyfirvöld hafa ákveðið að nota norræna slysaskráningarkerfið í staðinn fyrir kafla XX í ICD-10 og er honum því sleppt í íslensku útgáfunni. Á stöðum þar sem ekki er unnt að taka norræna slysaskráningarkerfið í notkun þann 1. janúar 1997 er mælt með því að nota kóðana úr kafla XX þar til fullkomnari skráning er möguleg.

Alþjóða Heilbrigðisstofnunin stefnir að því að taka upp norrænu slysaskráninguna, sem þykir mikið framfaraskref í slysaskráningu. Þær stofnanir sem treysta sér ekki til að nota norrænu slysaskráninguna að svo komnu máli, geta nálgast hefti með íslenski þýðingu kafla XX, sem Örn Bjarnason, yfirlæknir, hefur unnið. Þó er mælt til þess að sem flestir byrji svo fljótt, sem auðið er að nota norrænu slysaskráninguna. Forstöðulæknir slysadeildar Sjúkrahúss Reykjavíkur hefur ákveðið að deildin taki hana í notkun um leið og ICD-10 og norræna slysaskráningin er innbyggð í hið nýja tölvakerfi heilsugæslustöðvanna. Mögulegt er að nota forrit til þess að breyta norrænu skráningunni í þá skrá, sem notuð er í kafla XX, en ekki á hinn veginn, þar sem norræna skráningin er ítarlegri.

# Reglur um notkun sjúkdómsgreininga

## Hvaða sjúkdómsgreiningar skal skrá

- Aðeins skal skrá sjúkdómsgreiningar sem skiptu máli í legunni eða samskiptunum.
- Skrá skal greiningar allra sjúkdóma sem leiddu til rannsókna eða íhlutunar.
- Við margþætta sjúkdóma og fjöláverka skal skrá hvern þátt fyrir sig.

## Val á aðalsjúkdómsgreiningu

- Ef skráðar eru fleiri en ein greining verður alltaf að velja aðalgreiningu. Aðalgreining er höfð fremst samkvæmt venju.
- Aðalgreining skal endurspegla meginástæðu rannsókna og meðferðar.
- Ef velja þarf á milli tveggja eða fleiri hugsanlegra aðalgreininga, skal sú valin sem endurspeglar mesta notkun heilbrigðisþjónustu.

## Óvissar sjúkdómsgreiningar

- Ef sjúkdómsgreining er talin þekkt skal aldrei nota kóða sem vísar aðeins til einkenna sjúkdóms.
- Ef tveir eða fleiri möguleikar geta koma til greina þegar sjúkdómsgreining er ekki örugg, skal samt aldrei velja nema eina til skráningar.
- Ef sjúkdómsgreining finnst ekki eða óvissa um greiningu er mikil, skal velja mikilvægasta einkennið eða vandamálið sem aðalsjúkdómsgreiningu.